

# COVID-19 MEÐGANGA OG BRJÓSTAGJÖF

Margt er enn óljóst hvað varðar hegðun, smit og sýkingaáhrif Covid-19.

COVID-19 virðist ekki leggjast sérstaklega á barnshafandi konur eða nýfædd börn. Það sem vitað er nú um veiruna og áhrif á barnshafandi konur er að veiran getur leitt til öndunarfærasýkingar hjá móður en berst ekki til fósturs. Veiran leiðir ekki til fósturláta svo vitað sé eða smitar fóstur á meðgöngu.

Barnshafandi kona sem er með alvarlegan undirliggjandi sjúkdóm getur verið í meiri hættu á að fá lungnabólgu eða aðra fylgikvilla.

Það sem nú þegar er vitað kemur skýrt fram á vef Embættis Landlæknis og er þar jafnframt að finna allt er lýtur að smitvörnum og almennum leiðbeiningum <https://www.covid.is/>

Einnig eru góðar upplýsingar hjá Heilsugæslunni:

<https://www.facebook.com/watch/?v=221429438982082>

Öllum er skylt að kynna sér leiðbeiningar um smitvarnir.

## SMITVARNIR

Sömu leiðbeiningar gilda í stórum dráttum fyrir barnshafandi konur og konur með barn á brjósti og gilda fyrir almenning.

Skynsamlegt er að draga úr samskiptum eins og mögulegt er, halda góðri fjarlægð frá öðrum og gæta að hreinlæti. Ef þess er kostur er æskilegt að reyna að vinna heima.

Gert er ráð fyrir að kona komi í mæðravernd án fylgdarmanns og sama gildir um ómun, aðrar skoðanir og komu á fæðingadeild. Einn aðstandandi má vera með þegar fæðing hefst.

Frá 36. viku meðgöngu er æskilegt að halda sig sem mest heima. Ástæðan er ekki sú að konan sé í aukinni hættu á að fá Covid smit/sjúkdóm heldur bæði til að minnka líkur á því að smitast og til að draga úr líkum á því að smita heilbrigðisstarfsfólk. Það er mikilvægt að vernda starfsemi fæðingadeilda eins og hægt er og minnka líkur á því að kona sé smituð þegar hún kemur í fæðingu.

Mikilvægt er að draga úr gestakomum til að forðast smit.

## KONUR Í SÓTTKVÍ

Barnshafandi konur sem ættu að fara í mæðraskoðun á þeim tíma sem sóttkvíin varir geta haft samband við sína heilsugæslustöð og fengið símtal við ljósmóður og fyrirkomulag mæðraverndar skipulagt .

Barnshafandi konur sem byrja í fæðingu eiga að hafa samband við fæðingadeild og láta vita að þær séu í sóttkví.

## SMIT EÐA GRUNUR UM SMIT

Allar konur sem eru í sóttkví og fá einkenni eru meðhöndlaðar þegar þær koma í fæðingu eins og um smit sé að ræða.

Smitaðar konur verða í umsjón lækna á Landspítalanum. Ef þær þurfa skoðun er það gert í samráði við þá lækna sem annast konuna.

Mikilvægt er að hringja á fæðingadeild og láta vita af einangrun þegar fæðing hefst en ekki koma beint á deildina.

## BRJÓSTAGJÖF

Á þessum tímapunkti eru ekki til heimildir um að vírusinn geti borist í brjóstamjólk. Jákvæð heilsufarsáhrif eru vel þekkt og veða upp á móti mögulegri áhættu á smitun á COVID-19 í gegnum brjóstamjólk.

Gæta þarf sérstakrar varúðar við brjóstgjöf og umönnun barnsins. Góður handþvottur er mjög mikilvægur. Alltaf skal þvo hendur fyrir brjóstgjöf og áður en pumpur og pelar eru meðhöndlaðir. Aðaláhættan við brjóstgjöf er nán snerting milli móður og barns þar sem loftbornir dropar geta borist frá móður til barns. Því er auk þess æskilegt að vera með maska fyrir vitum við brjóstgjöf og forðast kossa ef móðirin er með einhver einkenni. Muna að hósta/hnerra í olnbogabót eða vasaklút en ekki í hendur.

Fróðleiksmolinn verður uppfærður um leið og nýjar upplýsingar liggja fyrir.